

Landmótun ehf  
Óskar Örn Gunnarsson  
Hamraborg 12  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júlí 2008  
Tilvísun: UST20080400135/sf

### Tillaga að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016

Vísað er til erindis Landmótunar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsagnir um tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 25. janúar 2006 og bréf dags. 1. febrúar 2007. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda að nokkru leyti.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

#### Samráð

Í kafla 1.6.2 segir m.a. að samráð hafi verið haft við Umhverfisstofnun varðandi afmörkun náttúruverndarsvæða og hverfisverndarsvæða. Umhverfisstofnun ítrekar fyrri athugasemdir þess efnis að það er hlutverk sveitarstjórnar að að móta stefnu um hverfisverndarsvæði og skilgreina mörk slíkra svæða. Mörk hverfisverndarsvæða eru yfirleitt ekki skilgreind í samráði við Umhverfisstofnun. Stofnunin telur því ekki rétt að fram komi að haft hafi verið samráð við stofnunina um afmörkun hverfisverndarsvæða.

Umhverfisstofnun telur rétt að í kaflanum um samráð komi skýrt fram að samráð við stofnunina hefur eingöngu falist í því að stofnunin hefur fengið tillögu að aðalskipulagi til umsagnar.

#### Náttúruminjar

Í umfjöllun um tengsl við aðrar áætlanir í kafla 2.9 segir m.a. að við stefnumörkun í aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 hafi verið tekið mið af náttúruverndaráætlun Alþingis til 2008 og náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun vekur athygli á að engin þeirra svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 eru innan sveitarfélagsins Dalabyggðar.

Í greinargerð segir m.a.: „Með tillögu að hverfisvernd svæða er stuðlað að samtengingu þeirra svæða sem eru á náttúruminjaskrá.“ Umhverfisstofnun ítrekar fyrri athugasemdir þess efnis að með hliðsjón af mörkum svæða sem eru á náttúruminjaskrá og afmörkun

hverfisverndarsvæða á skipulagsuppdraetti er ekki ljóst í hverju þessi samtenging felst. Stofnunin telur að í greinargerð verði að skýra frekar hvað átt er við og jafnframt hvernig hverfisvernd muni stuðla að því markmiði sem þar er sett fram, þ.e. því markmiði að stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt.

Í texta á bls. 53 er ennþá orðið „landslagsgerðir“ í stað „jarðmyndana og vistkerfa“.

Á bls. 53 í greinargerð segir m.a.:

*„ Skv. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum fornminjum og leita skal því og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá. “*

Umhverfisstofnun bendir á að framangreindur texti er ekki réttur. Ekki þarf leyfi Umhverfisstofnunar ef hætta er á að friðlýstum fornminjum verði spillt heldur náttúruminum. Þá er orðinu „því“ ofaukið í fyrrgreindri setningu. Annars vegar þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum og hins vegar skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir m.a. í kafla 3.3.1 þar sem fjallað er um Breiðafjörð: *„Móttaka ferðamanna verði í ákveðnum farvegi. Helstu móttökusvæðin verði, auk Flateyjar, við strendur Breiðafjarðar fremur en í eyjunum sjálfum. Greiðar siglingar verði um fjörðinn með landingaraðstöðu fyrir smábáta. “*

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnumörkun að móttökusvæði ferðamanna verði fremur við strendur Breiðafjarðar en í eyjum á Breiðafirði. Stofnunin telur hins vegar að gera eigi grein fyrir hvar gert er ráð fyrir uppbyggingu vegna móttöku ferðamanna.

Umhverfisstofnun telur með vísan til úrskurðar umhverfisráðuneytis dags. 4. janúar 2008 um byggingu húss í Skáley á Breiðafirði að í aðalskipulagstillögunni verði að fjalla sérstaklega um það hvar gert er ráð fyrir uppbyggingu innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og þá hvers konar uppbyggingu.

Í umfjöllun um svæði á náttúruminjaskrá á bls. 55 í greinargerð segir að „á náttúruminjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum“.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 67. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal umhverfisráðherra gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Umhverfisstofnun ásamt fleiri aðilum sér um undirbúning og öflun gagna vegna viðbóta við náttúruminjaskrá og heildarútgáfu hennar. Þar sem náttúruminjaskrá er gefin út af umhverfisráðherra telur Umhverfisstofnun rétt að fram komi að á náttúruminjaskrá séu svæði sem æskilegt er að friðlýsa að mati umhverfisráðuneytis.

Umhverfisstofnun telur rétt að endurskoða mörk svæða nr. 246 og og 247 á aðalskipulagsuppdraetti, en mörkin virðast fremur ónákvæm. Stofnunin telur rétt að vekja athygli á að ónákvæmni getur gætt í mörkum svæða á náttúruminjaskrá eins og þau eru sýnd í landupplýsingum á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

### **Hverfisverndarsvæði**

Umhverfisstofnun ítrekar fyrri athugasemdir varðandi fólkvanga í Reykjadal í Suðurdölum og við Laugar í Sælingsdal. Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að stefnt sé að verndun svæða í sveitarfélaginu en bendir á að fólkvangar eru skilgreindir í lögum og eru ákveðin gerð friðlýstra svæða, sem friðlýst eru skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. laganna eru fólkvangar landsvæði í umsjón sveitarfélags eða sveitarfélaga sem friðlýst hefur verið til útivistar og almenningsnota. Þar sem framangreind svæði í Dalabyggð eru ekki friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd telur Umhverfisstofnun ekki rétt að vísa til þeirra sem fólkvanga í aðalskipulaginu.

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð innan hverfisverndarsvæða H4, Reykjadalur og H6, Laugar-Krosshólar. Umhverfisstofnun telur að gera verði grein fyrir hvernig fyrirhuguð landnotkun innan hverfisverndarsvæðanna samræmist áætlunum um verndun þeirra, sbr. fyrri athugasemdir stofnunarinnar.

### **Skógrækt**

Í kafla 2.8.2 segir m.a.:

*„Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru talin vera óveruleg þar sem þess verður gætt að ekki verði plantað trjám nálægt fornminjum.“*

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við framangreint mat þar sem fjarlægð trjáa frá fornminjum segir ekkert til um áhrif skógræktar á náttúruvinnur.

Á bls. 27 í greinargerð eru lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum vegna skógræktar, en þar koma m.a. fram eftirfarandi tillögur:

*„Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en farið er í skógrækt eða landgræðslu á þeim svæðum sem kveðið er á um í náttúruverndarlögum.“*

Umhverfisstofnun telur að betra væri að vísa einnig til ákveðinna lagagreina í lögum um náttúruvernd þannig að ljóst sé við hvaða svæði er átt.

Í umfjöllun mótvægisáðgerðir er einnig sett fram stefna um eftirfarandi aðgerð:

*„Skógur verði ekki ræktaður mjög nálægt vegum. Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum nær aðalvegum en 30 m miðað við miðlínu og ekki nær öðrum vegum en 20 m. Þessar fjarlægðir ættu að nægja í flestum tilvikum til þess að skóg- og skjólbeltarækt skapi ekki vandræði.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að veghelgunarsvæði er 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80/2007. Því verður ekki betur séð en að framangreind stefnumörkun gangi vart mikið lengra en skylt er samkvæmt lögum.

Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með aðalskipulaginu eigi að koma fram að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.

### **Samgöngur**

Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu á 27 km kafla á Skógarstrandarvegi frá vegamótum Heydalsvegjar að Vestfjarðavegi. Fram kemur að um sé að ræða nýlagningu vegar sem sé að mestu í núverandi vegstæði. Í töflu á bls. 30 eru áhrif bæði nýs vegar og núllkosts á náttúruframslegu þætti og á náttúru- og menningarminjar talin vera óveruleg. Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hvers vegna áhrif nýs vegar eru talin óveruleg. Stofnunin telur forsendur einkunnagjafar í samanburði valkosta í töflu á bls. 30

vera óljósar.

Niðurstaða samanburðar á bls. 31 virðist eingöngu taka mið af samfélagslegum áhrifum en í texta greinargerðar segir m.a.:

*„Stytting vegar og breyting á legu til að auka öryggi er fjárhagslega hagkvæmara en óbreytt ástand. Þróunarmöguleikar svæðisins í heild munu aukast með bættum og öruggari veg. Það neikvæða er vegur á nýjum stað mun brjóta nýtt land undir mannvirki. Reynt verður að mæta því með mótvægisáðgerðum.“* Ekki kemur fram hvers konar mótvægisáðgerðir það væru.

### **Virkjanir**

Samkvæmt aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir byggingu sjávarfallavirkjunar fyrir landi Straums á Skógarströnd, sem verður allt að 25 MW. Umhverfisstofnun ítrekar fyrri athugasemdir sínar við virkjunina. Stofnunin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að sjávarfallavirkjun í Hvammsfirði samræmist stefnumiðum verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ber í skipulagsáætlunum að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar. Í verndaráætluninni er m.a. fjallað um þætti sem hafa eða geta haft áhrif á framkvæmd langtímamarkmiða og einnig áhrifaþætti mannsins en þar kemur ekkert fram um hugsanlegar sjávarfallavirkjanir innan verndarsvæðisins og áhrif þeirra. Í 3. hluta verndaráætlunarinnar, sem er framkvæmdáætlun, er eitt þeirra langtímamarkmiða sem sett er fram að „tryggja varðveislu náttúruminja, svo sem landslags, jarðmyndana og lífríkis“. Í rökstuðningi segir m.a.:

*„Það er mat Breiðafjarðarnefndar að skipulagshöfundar þurfi að taka tillit til sérstöðu svæðisins við gerð svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags. Skipulagshöfundar þurfa að taka tillit til landslags, landslagsforma og landslagsgerða, en ekki síður til þess lífríkis sem þar er. Breiðafjarðarnefnd þarf að beita sér fyrir því að ekki verði farið út í framkvæmdir, nema að undangengnum rannsóknum á náttúru- og menningarminjum.“* Umhverfisstofnun telur því ekki tímabært að gera ráð fyrir sjávarfallavirkjun fyrir landi Straums á Skógarströnd.

Umhverfisstofnun telur rökstuðning vanta fyrir samanburði valkosta í töflu á bls. 32 í greinargerð. Þar eru bornir saman kostir sjávarfallavirkjunar við Röstina og við Straum þrátt fyrir að fram komi í greinargerð að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að vega og meta áhrif mismunandi valkosta. Þá telur Umhverfisstofnun vandséð hvers vegna áhrif núllkosta á hagræna og félagslega þætti geta verið neikvæð þar sem núllkostur þýðir óbreytt ástand enda segir í greinargerðinni: *„Ef núllkostur yrði fyrir valinu þá myndi ástand haldast óbreytt og þ.a.l. enginn efnahagslegur ávinningur né neikvæð áhrif á umhverfið. Áhrifin eru talin vera óveruleg eða óljós.“* Umhverfisstofnun vekur enn fremur athygli á að áhrif á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg þrátt fyrir að virkjunin sé innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

### **Efnistaka**

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við töflu yfir námur á bls. 44-46 í greinargerð með aðalskipulaginu. Í töflunni eru tilgreindar námur sem Vegagerðin hefur hætt vinnslu í og gengið frá og einnig vantar ný efnistökusvæði eins og grjótnámu í landi Ásgarðs. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að taflan yfir efnistökusvæði verði endurskoðuð í samráði við Vegagerðina og að metin verði efnisþörf í sveitarfélaginu. Þá ítrekar stofnunin athugasemdir þess efnis að í töflu yfir efnistökusvæði eigi að koma fram upplýsingar um stærð efnistökusvæða og áætlað magn efnis. Enn fremur ítrekar Umhverfisstofnun athugasemdir um að ekki eigi að gera ráð fyrir efnistöku í fjörum innan þess svæðis sem

fellur undir vernd Breiðafjarðar.

Í umfjöllun um framkvæmdaleyfi í greinargerð segir m.a.:

„Leyfið er ennfremur háð ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og laga nr. 57/1998 og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.“ Umhverfisstofnun vekur athygli á að ekki þarf að leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt ef efnistakan er í samræmi við staðfest aðalskipulag sem stofnunin og viðkomandi náttúruverndarnefnd hafa gefið umsögn um. Því er mikilvægt að setja fram mjög skýra stefnumörkun um efnistöku í aðalskipulagi og að upplýsingar um efnistökusvæði sé þess eðlis að hægt sé að taka afstöðu til einstakra svæða.

### **Frístundabyggð**

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ósamræmis virðist gæta í greinargerð í umfjöllun um áhrif frístundabyggðar á birkikjarr/birkiskóga. Í kafla 2.8.1 segir að „nokkur áhrif verði á gróður vegna aukinnar ræktunar trjáplanta og eru nokkur svæðanna staðsett innan um birkikjar“. Í umfjöllun um tillögur um mótvægisáðgerðir segir hins vegar að þess verði gætt að „uppbygging mannvirkja taki mið af náttúrufari viðkomandi svæða þannig að mikilvæg gróðursvæði s.s. votlendi og birkiskógar sem og jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga verði ekki skert við uppbyggingu svæða fyrir frístundabyggð“. Í umfjöllun um svæði fyrir frístundabyggð í kafla 3.2.8 segir m.a.: „Þar sem frístundabyggð er þegar á svæði sem vaxin eru upprunalegu birkikjarri skal gæta þess að ekki verði hruflað við birkiskógum við frekari framkvæmdir. Ný frístundabyggðasvæði skulu vera fyrir utan eða í jaðri náttúrulegra birkiskóga eða kjarri vaxinna svæða.“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgt verði þeirri stefnumörkun sem sett er fram í kafla 3.2.8 um frístundabyggð.

Umhverfisstofnun telur óæskilegt að skipuleggja svæði frístundabyggð niður að flæðarmáli eins og sýnt er á uppdrætti, sbr. svæði merkt F1 á Skógarströnd og F29 á Fellsströnd, sbr. einnig fyrri umsögn stofnunarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar ber að hafa í huga að heilleg strönd er náttúruverðmæti og hefur auk þess mikið útivistargildi. Því ætti að halda fjörum óbyggðum og eins óröskuðum og kostur er.

### **Verndarsvæði vegna neysluvatns**

Í leiðum að markmiðum í kafla 3.3.3 segir að sveitarfélagið sjái til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra. Umhverfisstofnun vekur athygli á að þrátt fyrir það eru engin svæði skilgreind sem fjarsvæði innan sveitarfélagsins. Stofnunin ítrekar athugasemdir þess efnis að ef ekki er gerður greinarmunur á grann- og fjarsvæðum og eingöngu afmörkuð grannsvæði lítur stofnunin svo á að allt svæðið sé grannsvæði og að þar gildi strangari verndun, þ.e. sú verndun sem skilgreind er fyrir grannsvæði.

Í kafla 3.3.4 í greinargerð kemur fram að sveitarstjórn stefnir að því í samráði við heilbrigðisnefnd að fram fari úttekt á vatnasvæðum í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999. Síðan verði sett viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna. Umhverfisstofnun ítrekar athugasemdir þess efnis að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns átti flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, að vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar, þ.e. *fyrir 1. nóvember 2003*. Flokkun vatns skv. ákvæðum reglugerðarinnar ætti því nú þegar

að vera lokið í öllum sveitarfélögum. Hafi slík flokkun þó ekki farið fram telur Umhverfisstofnun  *nauðsynlegt*  að í aðalskipulagi séu sett fram  *tímasett markmið*  varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar um flokkun vatns verði uppfyllt.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum verði lögleidd hér á landi. Bent er á ákvæði í 4.gr. 1. tl. a, b og c í tilskipuninni um umhverfismarkmið vegna yfirborðsvatns, grunnvatns og verndaðra svæða sem munu taka gildi við innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi.

### **Fráveita**

Ósamræmi er í umfjöllun um markmið um úrbætur í fráveitumálum í kafla 3.4.7 í greinargerð. Sett er fram það markmið að öll byggð verði tengd viðurkenndum rotþróum fyrir árið 2008 en í frekari umfjöllun segir að stefnt sé að því að öll byggð í Dalabyggð verði tengd viðurkenndum rotþróum á næstu árum.

Eins og Umhverfisstofnun hefur áður bent á er skylt að veita fráveituvatni frá einstökum húsum, þ.m.t. íbúðarhúsum lögbýla, frístundahúsum og fjallaskálum sem ekki verður veitt í fráveitur, um rotþró og siturleiðslu, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin telur að setja eigi fram raunhæft markmið varðandi tímasetningu um úttektir og úrbætur í fráveitumálum í greinargerðinni.

Í kafla 4.14 kemur fram að frá Búðardal liggja tvær frárennislagnir út fyrir stórstraumsfjöru og að færa eigi yfirfallslögn út fyrir varnargarð á fyllingu. Ekki kemur fram hvort frárennislagnir séu í samræmi við gildandi reglur um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun telur að koma eigi fram í greinargerðinni hvort svo sé.

### **Hávaði**

Í kafla 4.13, Samgöngur, kemur fram að hávaðamæling hafi ekki verið gerð enda uppfylli umferðartölur ekki bráðabirgðaákvæði reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 um það að gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári skuli vera lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að bráðbirgðaákvæðið sem vísað er til er í reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir en ekki í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða. Stofnunin ítrekar einnig fyrri ábendingar um að þrátt fyrir að ákvæði reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir gildi ekki um skipulagssvæðið þarf við gerð skipulagsáætlunarinnar að taka mið af ákvæðum annarra reglugerða, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 1. febrúar 2007. Stofnunin telur því að gera þurfi einfalda hávaðaútreikninga og taka mið af þeim við skipulag frekari byggðar í Búðardal.


### **Mat á umhverfisáhrifum / fyrirvari**


Í kafla 2.11.1 eru tilgreindar þær framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að einnig ætti að tilgreina framkvæmdir sem gætu fallið undir 2. viðauka laganna. Í því sambandi má vekja athygli á að í umfjöllun um opin svæði til sérstakra nota kemur fram að gerð golfvallar í landi Sælingstungu falli undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé unnt að taka afstöðu til framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum út frá þeim gögnum sem fyrir liggja og umfjöllun í greinargerð með aðalskipulagstillögunni. Stofnunin er lögbundinn umsagnaraðili við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og mun því koma að athugasemdum við framkvæmdirnar á síðari stigum, þ.e. við umfjöllun samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Sigrós Friðriksdóttir  
fagstjóri

  
Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri

Afrit: Skipulagstofnun.

